



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði forseta Lettlands
Guntis Ulmanis
11. júní 1998

Heiðraði forseti Lettlands
Guntis Ulmanis og frú Ulmanis
Virðulegir gestir

Með hrærðum huga og lotningu pílagrímsins komum við Íslendingar til lands yðar, lútum höfði í virðingu við baráttu sem kostaði miklar fórnir en færði Lettlandi að lokum sjálfstæði og lýðræðislega samfélagshætti.

Það er mikil gæfa sem okkur hefur hlotnast, Lettum og Íslendingum, að vera þátttakendur í hinni miklu lýðræðisbyltingu þessarar aldar. Við upphaf hennar hlutu Íslendingar, fátæk eyþjóð bænda og fiskimanna, heimastjórn og síðar sjálfstæði. Við lok hennar fagna Lettar endurheimt fullveldis og njóta ávaxta þess frelsis sem á áratugum ánauðar bjó í brjóstum landsmanna.

Vitundin um okkar eigin göngu, sú gæfa að hljóta að lokum fullt sjálfstæði, varð okkur Íslendingum hvatning til að styðja á örlagastundu frelsiskröfur þjóðanna við Eystrasalt.

Sjálfstæðisviðurkenningin sem Alþingi Íslendinga áréttaði 11. febrúar 1991 og undirritun stjórn málasambands 26. ágúst í Reykjavík voru viðburðir sem verða okkur öllum ógleymanlegir, sigurhátíð í lýðræðisbaráttu smáþjóða.

Ég minnst orða fulltrúa lands yðar við athöfnina í Höfða en ekki síður uppljómunarinnar í augum þeirra og svipmóti öllu enda voru þá vegamót í harðri baráttu sem þeir og þjóð yðar háðuð lengi og því miður oft við lítinn skilning áhrifaafla víða um heim.

Árangurinn í sjálfstæðisbaráttu þjóða okkar er sönnun þess að vilji fólksins er sá herradómur sem úrslitum ræður, að fámennar þjóðir án hervalds og fjármagns geta oft öðrum betur vísað veginn að nýrri skipan heimsmála.

Það er eindreginn vilji okkar Íslendinga að þau tryggðabönd sem við hnýttum við Letta og aðrar þjóðir við Eystrasalt á örlagatímum verði efniviður í nána samvinnu okkar á nýrri öld.

Heimsókn mín nú er í senn staðfesting á þessum vilja og yfirlýsing um framtíðarstefnu. Í áratugi hefur ríkt sú hefð meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum að nýr þjóðhöfðingi sækir fyrst heim önnur norræn ríki. Um leið og ég ákvað að loknu forsetakjöri að virða þá venju var ég staðráðinn í að opinber heimsókn til hinna nýfrjálsu vinþjóða við Eystrasalt kæmi þar strax í kjölfarið. Á þann hátt yrði norræn hefð sameinuð vináttuböndum við Letta og grannþjóðir ykkar við Eystrasalt; fordæmi skapað um forgangsröð sem í framtíðinni yrði höfð í heiðri.

Okkur Íslendingum er kappsmál að veita ykkur áfram liðsinni, að greiða götu ykkar til aukinna áhrifa á þróun lýðræðis, öryggis og framfara í Evrópu.

Ég minnst með ánægju samstarfs við þingmenn Letta á vettvangi Evrópuráðsins misserum áður en ég tók við forsetaembætti. Þar höfðu kjörnir fulltrúar þjóðar yðar haslað sér áhrifavöll og lagt sitt af mörkum til að gera samtök sem lýðræðisþjóðir álfunnar stofnuðu á rústum heimsstyrjaldarinnar að öflugri varðsveit um mannréttindi og lýðræði á nýrri öld.

Fyrir réttu ári lýsti ég því yfir að “réttur hinna smærri nýfrjálsu ríkja í Evrópu er prófsteinn á varanleika og siðferðilegan styrk þeirrar nýju öryggisskipunar sem stofnþjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa nú tekið forystu um að móta; á slíkum vegamótum spyrjum við Íslendingar enn um afstöðu Eystrasaltsríkjanna og áréttum á ný rétt hinna smærri til öryggis, friðar og lýðræðis,” og fylgdi síðan þeim orðum eftir í viðræðum við forseta Bandaríkjanna í Washington. Þá afstöðu ítreka ég hér nú.

Í aðdraganda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Madrid, á fundinum sjálfum og að honum loknum, hafa íslensk stjórnvöld lagt ríka áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til fullgildrar þátttöku í stækkun Atlantshafsbandalagsins og við mótun nýrrar öryggisskipunar í álfunni.

Þróun Evrópu til efnahagslegra framfara og bættra líf skjara er margþætt og birtist okkur í ýmsum myndum. Sumar þjóðir álfunnar hafa kosið að freista gæfunnar innan vébanda Evrópusambandsins en Ísland, Noregur og Sviss eru fróðleg dæmi um lönd sem náð hafa efstu sætum í stigatöflu efnahagslífsins án slíkrar aðildar. Sú reynsla er vissulega sönnun þess að Evrópa er ekki ein bygging þar sem allir verða að ferðast í sömu lyftunni til að komast hærra, heldur er álfan samfélag með mörgum heimkynnum og litríkum húsakosti.

Við Íslendingar bendum stundum á það til umhugsunar að við höfum náð betri árangri í hagstjórn á mælikvarða Maastrichtsáttmálans en nær allar þær þjóðir Evrópusambandsins sem sáttmálann gerðu. Sá veruleiki er vitnisburður um að við sköpun hagsældar og framfara er sérhver þjóð sinnar eigin gæfu smiður og getur ekki vísað ábyrgðinni á aðra.

Við erum nú og um ókomna tíð reiðubúin að deila reynslu okkar og lærdómi með ykkur Lettum, laða í samvinnu fram leiðsögn um hvernig fámenn þjóð á heimsins mælikvarða getur í senn öðlast öryggi og bætt líf skjör, eftl lýðræði og notið um leið friðar og framfara.

Það er ánægjulegt hvað samvinnuvefur þjóða okkar hefur verið að styrkjast á undanförunum árum. Við munum leggja rægt við að kynna tungumál okkar og menningu, sýna hvernig samspil þjóðlegs arfs og alþjóðlegra strauma mótar nýsköpun í listum. Nýlega færði Íslenski dansflokkurinn ykkur sýnishorn af slíkum umbrotum í íslensku menningarlífi og við vonumst til að geta í auknum mæli notið á Íslandi ykkar frábæra listafólks.

Forystumaður á íslensku tónlistarlífi er nú orðinn aðalhljómsveitarstjóri Filharmoníu kammerhljómsveitarinnar hér í Riga og við munum á morgun njóta ávaxtanna af samstarfi tónlistarfólks landa okkar.

Við viljum auka samskipti námsmanna og vísindafólks og leggja grundvöll að vaxandi viðskiptum. Við teljum mikilvægt að tvö öflugustu fyrirtæki Íslands hafa nú þegar haslað sér völl í atvinnulífi Lettlands, annars vegar í trjávöruiðnaði og hins vegar í siglingum.

Reynsla okkar Íslendinga er að samstarfið á vettvangi hinna norrænu ríkja hefur verið okkur einkar mikilvægt á undanförunum áratugum og það er einlægur vilji okkar að sú fyrirmynd nýtist í vaxandi mæli við að efla samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sem flestum sviðum.

Hinn nýju svæðissamtök – Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið – eru kjörinn vettvangur til að sýna hvernig Norðurlönd og Eystrasaltsríkin geta í sameiningu laðað völduga nágranna og öflugustu ríki heims til samvinnu um verkefni sem munu styrkja aðlögun allra að lýðræðislegum samskiptaháttum, verndun umhverfis, auknu öryggi og hagsæld.

Margt bendir til að hin nýju svæðissambönd sem ná frá Eystrasalti um Barentssvæðið til Norður-Ameríku geti orðið áhrifaríkur vettvangur fyrir farsæla samvinnu Rússlands, Bandaríkjanna og Evrópusambandsins á vettvangi þar sem Norðurlönd og Eystrasaltsríkin skapa með hefðum sínum og smæð annars konar vinnustíl, rólegra andrúmsloft og réttan takt.

Þessu hlutverki svæðissambandanna sýna stjórnvöld í Bandaríkjunum nú aukinn áhuga og Rússland vissulega einnig vaxandi vinsemd. Því er mikilvægt að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin sanni í verki að saman erum við reiðubúin að veita þá forystu sem vænst er.

Það er margt sem knýr á um nána samfylgd okkar á nýrri öld, ekki aðeins hinn sameiginlegi arfur frá baráttunni fyrir lýðræði og sjálfstæði heldur einnig þörfin á virku framlagi okkar til sköpunar hinnar nýju heimsmyndar.

Ég færi forseta Lettlands og lettnesku þjóðinni þakkir fyrir hlýjar móttökur og mikla vinsemd og bið gesti að rísa á fætur og hylla forseta Lettlands, Guntis Ulmanis og eiginkonu hans og minnst um leið ævarandi vináttu Letta og Íslendinga.